



Geðhjálp ræðir úrsögn úr ÖBÍ

Svanur Kristjánsson, stjórnarformaður Geðhjálpar, segir úrsögn úr Öryrkjabandalagi Íslands til umfjöllunar hjá félaginu. „Það hefur engin ákvörðun verið tekin. Ný stjórn verður kjörin á aðalfundi Geðhjálpar nú í lok mánaðarins og það er eðlilegt að hún fjalli frekar um málið,“ segir Svanur. Fulltrúar Geðhjálpar hafa verið ósáttir við stefnu ÖBÍ.

ibs